

**Efni:** Umsögn um drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs

Pure North hefur yfirfarið drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs og fagnar skýrari og metnaðarfullri kröfum og markmiðum í úrgangsmálum. Málaflokkurinn verður sífellt mikilvægari og hægt er að gera töluvert betur héraendis heldur en gert er í dag.

Varðandi 11. gr rg. um undanþágu frá sérstakri söfnun vill Pure North benda á eftirfarandi atriði. Tekið er undir sjónarmið sambands íslenskra sveitarfélaga þegar rætt er um að kröfurnar um undanþágu séu gífurlega þröngar og erfitt fyrir sveitarfélög að uppfylla þær, ef óskað er eftir því. Varðandi undanþáguna þá leggur Pure North til að hægt sé að sækja um undanþágu um söfnun við húsvegg, án þess að slegið sé af kröfum um sérstaka flokkun. Er þá verið að vísa í að lausnir þar sem íbúum er gert kleift að koma sjálf með umbúðir t.d. pappír, plast, málma, gler o.fl. á þar til gerðar grenndarstöðvar sem yrðu hannaðar fyrir móttöku á þessum efnum, og efni frá hverjum íbúa vigtað og skráð. Með réttum hvata fyrir íbúa til að koma með sinn umbúðaúrgang á svona stöðvar, t.d. í leiðinni þegar farið er í innkaupaferð, þyrftu þá íbúar ekki að vera með ílát og þjónustu við húsvegg. Er þetta dæmi um eina útfærslu þar sem flokkun er ekki fórnað þó söfnun við húsvegg sé ekki til staðar. Kostnaður við sérsöfnun sem á að greiða af Úrvinnslusjóði myndi þá fara frekar í að virkja íbúa í að sinna sjálfir að koma umbúðaúrgangi af heimilinu og á þar til gerðar grenndarstöðvar. Það þarf ekki endilega sérstaka sorphirðubíla til að flytja hreinan umbúðaúrgang frá heimilinum.

Um lögbundin markmið um endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs þá vill Pure North leggja til að skýrari kröfur séu settar á rekstraraðila um að þeir eigi að ná ákveðnu endurvinnsluhlutfalli. Úrgangur frá rekstraraðilum er almennt umtalsvert meiri en frá heimilum og því óeðlilegt að engin krafa um endurvinnsluhlutfall úrgangs sé sett á rekstraraðila. Í Noregi er t.a.m. krafa um 60% endurvinnsluhlutfall úrgangs sem fellur til við nýbyggingarframkvæmdir.

Ábyrgð um endanlega ráðstöfun úrgangs þykir Pure North eigi alltaf að vera bundin við upprunalegan úrgangshafa, þ.e. sveitarfélög þegar kemur að íbúum, en rekstraraðilum annars. Þegar samið er um móttöku úrgangs skuli í þeim samningum tryggt að vitað sé hvert úrgangurinn fari og í hvaða farveg.

Ákvæði um að heimila að 10% af heimilisúrgangi fari ennþá til urðunar árið 2035 finnst Pure North tímasekkja. Þetta munu væntanlega vera um 20-30 þús tonn árlega. Ef um kostnað er að ræða sem ástæðu fyrir þessu ákvæði þá sé mikilvægt að finna leiðir til að nota fjárhagslega hvata til að koma þessum úrgangi til frekari flokkunar eða a.m.k. í viðurkenndar brennslustöðvar.



Sigurður Halldórsson  
Framkvæmdastjóri